

# Viðbragðs- og rýmingaráætlun

## Sæmundarskóli

Útgáfa 1 - apríl 2014



1.	Inngangur .....	3
2.	Byggingin .....	3
3.	Viðbrögð við hættuástandi.....	3
3.1	Viðbrögð við eldi.....	4
3.2	Viðbrögð við Jarðskjálfta .....	4
3.3	Skyndihjálp .....	5
4.	Virgni brunaviðvörðunarkerfis.....	8
4.1	Forviðvörðun .....	8
5.	Flóttaleiðir .....	9
6.	Rýming barna.....	9
6.1	Til að rýming gangi vel.....	10
7.	Öll byggingin - skólatími og frístundastarf.....	10
7.1	Viðbrögð við brunahljóðmerki - rýming .....	10
8.	Frímínútur.....	13
9.	Öll byggingin utan skólatíma .....	13
10.	Íþróttasalur .....	13
11.	Sérstakir viðburðir .....	14
12.	Skipulag á söfnunarstað .....	14
13.	Spurningar til yfirferðar .....	14
14.	Ábyrgðaraðilar .....	16

## 1. Inngangur

Í eftirfarandi rýmingaráætlun er að finna leiðbeiningar um rétt viðbrögð við brunaboðum og annarri vá. Tilgangur rýmingaráætlunarinnar er að skilgreina hlutverk hvers og eins og gefa leiðbeiningar um verklag skref fyrir skref ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang.

Þessi skýrsla er ætluð skólastjórnendum og ábyrgðaraðilum til að miðla áfram en ætti að vera aðgengileg öllum til upplýsingar. Stytttri rýmingaráætlun er að finna á flóttaleiðamyndum sem hanga á völdum stöðum í skólabyggingunni. Ætlast er til þess að starfsfólk, nemendur og gestkomandi kynni sér flóttaleiðamyndirnar reglulega þar sem ekki er ætlast til að farið sé að myndunum og rýnt í þær þegar neyðarástand hefur skapast eða þegar brunabjöllur hljóma. Heldur er gert ráð fyrir að nemendur og starfsfólk þekki innihald þeirra og séu því undibúin þegar til þess kemur. Auk þess er kjörið ef falsboð koma frá brunastöð eða eftir óundirbúnað brunaeftingar, að ræða við nemendur um mikilvægi brunavarna og farið sé yfir rýmingaráætlunir og flóttaleiðamyndirnar skoðaðar.

Rýmingaráætlun þessi er unnin í apríl 2014 af verkfræðistofunni EFLU með hliðsjón af brunahönnun byggingarinnar og í samstarfi við starfsfólk í Sæmundarskóla en að frumkvæði Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar.

## 2. Byggingin


Sæmundarskóli er uppbyggður þannig að hann byggist á 3 „fjölskylduhúsum“ með nokkrum heimastöðvum í hverju þeirra. Þessi hús eru í nánum tengslum við miðlæg rými sem innihalda sal og svið, skólasafn og tölvur. Auk þess er í skólanum verkennslurými, tónlistarskóli og leikfimisalur. Heildarstærð skólans með íþróttasal er um 5550 m<sup>2</sup>. Hluti byggingarinnar eru á tveimur hæðum og kjallari er undir hluta þess sem hýsir tækniþúnað hússins. Lagnagangur er eftir endilöngum kjallaranum.

Í Sæmundarskóla eru um 470 nemendur og 60 starfsmenn plús starfsmenn frístundamiðstöðvar. Starfsmenn skólans eru með viðveru við milli klukkan 08-16. Eftir hefðbundna kennslu tekur frístundamiðstöð við yngri nemendum, en sú aðstaða er í lausum kennslustofum á skólalóð. Frístundamiðstöðin er opin til klukkan 17. Á kvöldin er íþróttasalur skólans nýttur til íþróttaiðkunar.

## 3. Viðbrögð við hættuástandi

Rýma getur þurft byggingu vegna eldsvoða, hættulegra efna, nátturuvár s.s. jarðskjálfta eða óveðurs, hótunar t.d. sprengjuhótunar eða ytri hættu t.d. ef eldur er í nærliggjandi byggingum.

Reikna má með að í skólanum dvelji að staðaldri nemendur, kennarar, starfsfólk skólans og aðrir sem þekkja aðstæður vel. Við vissar kringumstæður (foreldradagar, samkomur, sýningar, íþróttaviðburðir) getur þó verið talsverður fjöldi fólks samankominn í byggingunni sem ekki er kunnugur aðstæðum. Ekki er reiknað með að fólk gisti í byggingunni.



### Við eldsvoða

- Ef þið verðið vör við eld látið þá alltaf aðra nálæga vita um hættuna.
- Ef eldur er minniháttar reynið að slökkva hann. Setjið ykkur þó aldrei í hættu.
- Hægt er að setja í gang rýmingu í öllu húsinu með því að ýta á handboða.
- Ekki nota lyftu við rýmingu.
- Ef þið lokist inni í rými, t.d. vegna reyks í flóttaleið þá lokið rýminu. Reynið að þetta hurðina, t.d. með blautu handklæði eða tusku. Reynið að gera vart við ykkur með síma eða við glugga.



Handboði

### 3.1 Viðbrögð við eldi

#### Starfsfólk

Ef þú verður var við eld skaltu láta aðra nálæga vita um hættuna. Ef eldurinn er minniháttar reyndu þá að slökkva hann með brunaslöngu eða handslökkvitækjum. Settu þig þó aldrei í hættu. Hægt er að setja af stað rýmingu í öllu húsinu með því að þrýsta á handboða

#### Nemendur

Ef þú uppgötvar eld í skólanum láttu þá starfsfólk vita. Ef þú finnur engan fljótlega skaltu kveikja á brunaviðvörðunarkerfinu með því að ýta á handboða sem er takki í litlum rauðum kassa á vegg. Farðu svo út um næsta neyðarútgang og gakktu á söfnunarstað á sparkvelli.

Komi upp óvæntar aðstæður þar sem nemendur vita ekki hvernig á að bregðast við skulu þeir fara eftir því sem kennarinn segir.

### 3.2 Viðbrögð við Jarðskjálfta

Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingunni, reyna skal frekar að leita skjóls og halda kyrru fyrir meðan skjálftinn gengur yfir.

- Muna **KRJÚPA – SKÝLA – HLADA**
- Leita skal skjóls undir borðum, í hornum við burðarveggi en fjarri gluggum. Þá má einnig vera í hurðaropum ef þau eru sérstaklega styrkt. Á þessum stöðum skal krjúpa, skýla höfði og reyna að halda sér t.d. í borðfót sé maður undir borði.
- Varist húsgögn og þunga hluti sem geta hreyfst úr stað.
- Varist rúður sem geta brotnað.
- Ekki nota lyftur

Eftirskjálftar fylgja jafnan eftir jarðskjálfta og geta verið öflugir. Verið viðbúin slíkum skjálftum. Hlusta skal á útvarp og skoða leiðbeiningavef Almannavarna.

### 3.3 Skyndihjálp

Mikilvægt er að starfsfólk fái fræðslu í skyndihjálp og viðeigandi leiðbeiningar séu til staðar. Hér á eftir koma nokkur skyndihjálparatriði til upprifjunar. Þetta kemur þó ekki í staðinn fyrir fræðslu eða námskeið. Frekari upplýsingar og fræðsluefni er að finna á heimasíðu Rauða kross Íslands, <http://www.raudikrossinn.is>

Fjögur skref skyndihjálpar eru:

1. Tryggja öryggi á vettvangi
2. Kanna eðli áverka/veikinda og fjölda sjúklinga
3. Kalla eftir hjálp, hringja í 112
4. Veita skyndihjálp

#### 1. Að tryggja öryggi

Byrjaðu á að tryggja eigið öryggi og svo öryggi nærstaddra. Hugaðu að smithættu (hanskar, blástursgríma, handþvottur). Er fallhætta, er hætta frá umferð, eru hættuleg efni á staðnum?

Ávalt skal huga að nærstöddum og sýna yfirvegum.

#### 2. Mat á ástandi slasaðra og veikra

**Sofandi manneskja** vaknar við kall eða áreiti og telst með meðvitund.

**Skert meðvitund** lýsir sér í óeðlilega lítilli svörun við áreiti.

**Meðvitundarlaus** einstaklingur sýnir engin viðbrögð við áreiti.

Fyrstu aðgerðir miðast við þessa greiningu.

#### 3. Neyðarlínan

Kynntu þig og segðu hvar þú ert staddur/stödd.

Hvað gerðist og hversu margir?

**Á þessum tímapunkti er aðstoð þegar farin af stað!**


Hver er hinn slasaði/veiki?

Hvert er ástandið?

**Gott er að fá leiðbeiningar gegnum síma og miðla upplýsingum til neyðarvarðar.**

#### 4. Veita skyndihjálp

Hér er stiklað á stóru um nokkur skyndihjálparatriði, þessi listi er alls ekki tæmandi og um að gera að kynna sér þetta frekar á heimasíðu Rauða krossins eða fara á skyndihjálparnámskeið.



### Önnur hætta

- Hvernig á að bregðast við hættu:
  - Reyna að koma í veg fyrir meira tjón.
  - Ekki setja sig í hættu.
- Rýming getur þurft að eiga sér stað vegna:
  - eldsvoða,
  - hótunar (t.d. sprengihótun eða vegna hættulegra efna),
  - náttúruváar (t.d. jarðskjálfta eða óveðurs),
  - vegna ytri hættu (t.d. eldur í nærliggjandi byggingu)
- Hægt er að setja rýmingu í gang með því að ýta á handboða brunaviðvörðunarkerfisins (á ekki bara við um brunahættu).

**Að opna öndunarveg**

- Snúðu sjúklingnum á bakið
- Settu aðra hönd á enni og ýttu höfðinu aftur
- Lyftu samtímis undir hökuna með hinni hendinni

Öndun hefur alltaf forgang, meta skal hvort öndun er eðlilega á ca. 10 sek!


**Eðlileg öndun?**

- Leggðu vangann við andlitið
- Horfðu á hvort brjóstkassinn hreyfist
- Hlustaðu eftir öndunarhljóðum
- Finndu hvort sjúklingurinn andar eðlilega

Ef sjúklingur andar eðlilega er öruggast að leggja hann í læsta hliðarlegu ef víkja þarf frá honum til að sinna öðru.

**Hnoða 30 sinnum – blása 2 sinnum****Hjartahnoð 30x:**

- Leggja aðra hönd á brjóstkassa
- Leggja hina hendina ofan á
- Læsa fingrum
- Þrýsta á brjóstkassa
  - Hraði 100-120 sinnum á mínútu
  - Dýpt 5-6 cm
  - Jafn þrýstingur og leyfa brjóstkassa að rísa á milli
- Skipta um hnoðara á 2 mínútna fresti ef hægt er

**Blástur 2x:**

- Klemmið saman nasir hins slasaða
- Takið sjálf eðlilegan andardrátt
- Leggja varir yfir munn sjúklings (blástursgríma)
- Blása þar til brjóstkassi rís
- Bíða í 1 sek
- Leyfa brjóstkassa að síga
- Endurtaka

**Hjartaverkir**

Hjartaverkir eru nokkuð algengur kvilli sem stafar af stíflu í kransæði hjartans. Fólk leitar oft seint til læknis, týpísk einkenni eru:

- Brjóstverkur, oft með leiðni út í vinstri handlegg eða upp í háls/öxl
- Köld og föl húð, sviti
- Öndunarerfiðleikar
- Svimi og yfirliðstilfinning
- Hræðsla

Hvað er til ráða:

- Kalla á aðstoð, hringja í 112
- Koma sjúklingi í þægilegar aðstæður og stöðu sem honum líður best í
- Meta teikn og umkvörtun viðkomandi
- Aðstoða við lyfjatöku (sprengitöflur, sprej)
- Undirbúa móttöku sjúkrabíls

Gott er að senda einn aðila út að taka á móti sjúkraflutningafólki og vísa þeim að þeim veika/slasaða. Meðan beðið er aðstoðar er gott að afla upplýsinga t.d. hvenær hófust einkennin, fá nánari lýsingu og fyrri sögu.

#### Viðbrögð við losti

Lost er vegna skerts blóðflæðis til lífsnauðsynlegra líffæra og getur stafað af blóðskorti, blæðinga inn- og útvortis, sýkinga, bráðaofnæmis, mænuskaða, skert dæligeta og fleira.

- Kalla á aðstoð, hringja í 112
- Tryggja opinn öndunarveg
- Stöðva blæðingu með þrýstingi á blæðingarstað
- Hlúa að viðkomandi og draga úr sársauka eins og hægt er

#### Aðskotahlutur í öndunarvegi

Ef aðskotahlutur er í öndunarvegi er algengast að matarbiti eða leikfang hafi farið ofan í öndunarveg í stað vélinda. Einkenni eru að einstaklingur getur ekki talað, hóstað eða andað og grípur um hálsinn. Fyrir fullorðna og börn eldri en 1 árs gildir:

- Hvettu viðkomandi til að hósta kröftuglega ef hann getur
- Losni aðskotahluturinn ekki, hallaðu viðkomandi fram, haltu með annarri hendinni við bringuna og sláðu þéttingsfast með hinni 5x á milli herðablaðanna. Aðskotahluturinn ætti að koma út um munn.
- Hafi hann ekki losnað skal beita þrýstingi á neðri hluta kviðar (Heimlich). Stattu aftan við manneskjuna og gríptu um kvið hennar rétt fyrir ofan nafla. Krepptu hnefa annarrar handar og gríptu um hann með hinni hendinni. Þrýstið allt að 5x snögg inn á við og upp.
- Ef einstaklingur missir meðvitund skal hringja á 112 og hefja endurlífgun.



#### Bráðaofnæmi

Einkenni geta verið skyndilega og vaxandi innan við 30 mínútur eftir snertingu við ofnæmisvaldinn t.d. hnerri eða hósti, öndunarerfiðleikar, blámi kringum varir og munn, bólga í slímhúð, tungu, munn eða nefi, útbrot, hraður hjartsláttur, ógleði og kviðverkir, svimi. Bregðast skal við á eftirfarandi hátt.

- Hringja í 112
- Fjarlægja ofnæmisvald ef mögulegt er.

Örugg aðkoma

Athuga viðbrögð

Kalla á aðstoð

Opna öndunarveg

Athuga öndun

Hringja í 112

Hnoða 30 sinnum

Blása 2 sinnum

- Aðstoða við notkun adrenalínþenna ef viðkomandi á slíkan, leiðbeiningar eru yfirleitt á pennanum.
- Fylgjast með meðvitund og öndun.

#### Sykurfall hjá sykursjúkum

Einkenni eru breyting á hegðun og meðvitund, viðkomandi getur virst ölvaður. Einkenni geta einnig verið skjálfti, fölvi og sviti

Skyndihjálpar felst í því að gefa sjúklingnum sykur, djús, gos eða sykursmola ef hann getur kyngt. Þá skal hringja strax í 112 ef hann getur ekki kyngt eða missir meðvitund.

## 4. Virkni brunaviðvörðunarkerfis

Brunaviðvörðunarkerfið er forritað þannig að við boð frá fyrsta reykskynjara heyrir forviðvörðun frá vaktstöð, allar hurðir á hurðarseglum lokast. Hafi þessi forviðvörðun ekki verið afturkölluð innan þriggja mínútna eða ef boð koma frá öðrum skynjara, handboða eða boð frá vatnsúðakerfi, fer brunaviðvörðunarkerfið í gang og brunahljóðmerki heyrast í öllu húsinu. Fullt brunaboð fer til viðurkenndrar vaktstöðvar og auk þess sem bruna- og reyklokur í loftræsikerfum lokast, loftræsikerfið slekkur á sér og reyklúgur í þaki miðrymis og íþróttasalar opnast (við boð frá reykskynjurum í þeim rýmum).

### 4.1 Forviðvörðun

Við forviðvörðun skal **umsjónarmaður, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða ritari** fara að brunastöð til að sjá hvaðan boð koma. Því næst fara á staðinn og aðgæta hvað veldur brunaboðum. Ef um falsboð er að ræða skal afturkalla brunaboð á brunastöð innan þriggja mínútna.

Ef eldur er minniháttar skal aðvara þá sem eru nálægt og reyna að slökkva eldinn sé það mögulegt og nota til þess handslökkvitæki eða brunaslöngu. Aldrei skal þó setja sig í hættu. Þá skal gera ráðstafanir til að draga úr útbreiðslu eldsins t.d. með því að loka hurðum og kalla eftir hjálpar. Ef hins vegar um mikinn eld eða reyk er að ræða skal ýta á handboða og hefja rýmingu.

Sjálfvirkt vatnsúðakerfi mun þó, verki það eins og til er ætlast slökkva eldinn eða takmarka útbreiðslu hans þar til slökkvilið kemur á vettvang. Stjórnloka vatnsúðakerfis er að finna í inntaksrými í kjallara sem gengið er í um ramp við norðausturhorn byggingarinnar.



## 5. Flóttaleiðir

Hvert námssvæði er eitt brunahólf sem á að standast bruna í 60 mínútur. Hvert námssvæði er með a.m.k. tvær flóttaleiðir þar sem önnur er út á gang í miðrymi en hin um dyr beint út frá námssvæðum á 1. hæð. Frá námssvæðum á 2. hæð er auk leiðar um miðrymi hægt að komast í stiga bæði á austur og vesturhlið. Ef leiðin út í miðrymið er ófær t.d. vegna reyks á að tryggja að dyrnar séu lokaðar og síðan nota hina flóttaleiðina.

Fatlaðir í hjólastól geta komist út undir bert loft án þess að fara um stiga frá öllum hæðum byggingarinnar. Frá kennslurými á 2. hæð geta hjólastólar komist út á pall við útistiga og beðið björgunar þar.

## 6. Rýming barna

Það sem er sérstakt við hættuástand í skólum er að þar er mikill fjöldi barna saman kominn og það getur verið mikil óvissa um hvernig þau bregðast við þegar brunaviðvörðunarkerfið fer í gang.

Mörg börn hafa mikið ímyndunarafli og þau upplifa hættuástand á misjafnan hátt. Ef brunahólfanir eru samkvæmt nútíma viðmiðunum er hætta á eldútbreiðslu í skólanum takmörkuð a.m.k. í fyrstu. Þó er allur varinn góður. Þess vegna er nauðsynlegt að kennarar stjórni rýmingu og að nemendur fari eftir því sem sagt er.

Munur er á rýmningu barna og fullorðinna. Fullorðnir hegða sér þannig að þeir taka meðvitaða ákvörðun og átta sig á af hverju þeir bregðast við á ákveðinn hátt. Hegðun fullorðinna fer eftir ákveðnu kerfi sem byggir á því sem skiptir máli fyrir einstaklinginn.

Viðbrögð barna byggjast ekki bara á meðvituðum ákvörðunum og fara ekki eftir ákveðnu kerfi sem byggir á hvað skiptir mestu máli. Einkennandi fyrir hegðun barna, sérstaklega leikskólubarna, er að framkvæma án þess að hugsa og byggja á augnabliks tilfinningum og óskum.

Við rýmingu skipta viðbrögð starfsfólks höfuðmáli um skipulag og framgang rýmingar. Í prófunum hefur það komið í ljós að börn eiga það til að byrja að ganga í átt að útgangi en nema staðar áður en þangað er komið til að fá nánari leiðbeiningu frá starfsfólki.

Ætla má að stór hluti af rýmingartíma barna af leikskóla og yngri bekkja grunnskóla fari í að undirbúa börnin til að fara út og klæða þau í skjóflíkur ef veður er vont.

Þar sem um börn er að ræða getur skapast öngþveiti þegar foreldrar fréttu af því sem er að gerast og vilja vita hvar börnin sín eru niður komin. Því þarf, sé skólahúsnaðið ekki aðgengilegt, að gæta barnanna þar til foreldrar hafa gert ráðstafanir til að ná í börnin eða láta vita hvort þau megi fara heim.



- Staðsetning flóttaleiða frá öllum svæðum er að finna á flóttaleiðamyndum, sem hanga uppi við flóttaleiðir.
- Farð stystu leið út úr skólanum. Ekki nota lyftu. Gangið rösklega og gætið rósemi. Ekki snúa við eða fara gegn straumnum. Ef reykur er á flóttaleið veljið þá næstu leið. Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá flestum svæðum hússins.
- Á leið út úr byggingunni, hvetjið aðra til að yfirgefa bygginguna.
- Söfnunarstaður er á sparkvelli. Ekki fara aftur inn fyrr en heimild hefur verið gefin.



Halda þarf góðu skipulagi á öllum sem eru komnir út og passa að þeir fari ekki aftur inn eða af vettvangi fyrr en leyfi hefur verið gefið um það. Þetta er nauðsynlegt til að vita hverjir eru komnir út og hvort einhverja vantar. Einnig til þess að vitað sé hvar hver er þegar foreldrar fara að leita fréttu af börnum sínum.

## 6.1 Til að rýming gangi vel

**Æfing skiptir máli!**

Til að rýming gangi vel þarf að liggja fyrir rýmingaráætlun fyrir skólann sem allir þekkja. Hana þarf að festa í sessi með því að halda brunaæfingar reglulega til að þjálfa upp rétt viðbrögð.

Reglulegar brunaæfingar auka líkur á réttum viðbrögðum, mikilvægt er setja sig í samband við þjónustuaðila brunaviðvörðunarkerfissins og setja brunabjöllur í gang við æfingar því það er mikilvægt að allir þekki hljóðmerkið. Það er mikið áreiti af hljóði nú til dags og því mikilvægt að nemendur og starfsfólk læri að við brunabjöllur skal hefja rýmingu. Það er einnig mikilvægt að brunabjöllur séu vel aðgreinilegar frá t.d. hljóðum í öryggiskerfi eða skólabjöllu.

Á venjulegum brunaæfingum ganga börnin með kennara sínum rösklega út um sinn venjulega útgang þ.e. klæðast úlpum og skóm í leiðinni. Það skiptir hins vegar líka máli að prófa óhefðbundnar flóttaleiðir. Rýmingaráætlunin í Sæmundarskóla er á þá leið að hringi brunabjöllur skal kennarinn athuga hvort hefðbundin leið er fær. Það er mikilvægt að nemendur hlusti vel á kennara því ef hefðbundin leið er ekki fær skal fara hina óhefðbundnu leið út. Gott er að æfa óhefðbundnu leiðna líka t.d. getur verið fyrirfram kynnt brunaæfing þar sem notast er við plastskóhlífar og nemendur fara skólausir út, einnig væri hægt að biðja alla að hafa auka sokka þann dag. Þá má einnig ná í skó og prófa flóttautganginn án þess að um sérstaka æfingu sé að ræða því mikilvægt er að börnin þekki flóttaleiðir og hafi prófað þær. Því er ekki úr vegi að ganga um flóttaleiðir reglulega t.d. nota flóttaleiðir til að fara út í frímínútur á föstudögum.

## 7. Öll byggingin - skólatími og frístundastarf

Ef brunabjalla hringir á skólatíma eða tíma þar sem nemendur eru í byggingunni skal starfsfólk fylgja rýmingaráætlun.

### 7.1 Viðbrögð við brunahljóðmerki - rýming

Hljómi brunabjalla skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun:

#### Kennarar

- Kennari undirbúi nemendur fyrir rýmingu. Farið er eftir rýmingaráætlun.
- Kennari skal biðja nemendur sína að raða sér upp við hefðbundinn útgang úr stofu. Skiljið skólatöskur og annað eftir.
- Kennari skal athuga hvort hefðbundin leið út, um fatahengi, sé greiðfær.

- Ef eldur eða reykur er sýnilegur við hefðbundinn útgang þ.e. í salnum eða miðryminu, skal fara út um neyðarútgang. Sjá flóttaleiðamyndir.
- Ef hvorki eldur né reykur er sýnilegur eða önnur hætta skal ganga rösklega út og nemendur geta tekið skó og yfirhafnir í fatahengi. Halda skal hópinn, kennari gengur fyrstur og stuðningsfulltrúi aftast ef hann er í bekknum.
- Loka skal hurðum á eftir sér.
- Kennari gengur með sínum hópi beinustu leið á söfnunarstað sem er á nýja fótboltavellinum.
- Þegar komið er á söfnunarstað fer hver bekkur í beina röð. (1. bekkur næst skólanum og svo koll af kolli, 10. bekkur næst fjalli.)
- Á söfnunarstað fær kennari nemendalista ásamt rauðu og grænu spjaldi.
- Kennari fær upplýsingar hjá ritara um fjarvistir.
- Vanti nemanda skal kennari rétta upp rauða spjaldið og gefa þannig söfnunarstjóra merki um að það vanti í bekkinn. Ef allir nemendur eru mættir fer græna spjaldið upp.

### Afleysingakennari


- Sinnir skyldum þess kennara/starfsmanns sem hann leysir af

### Sérkennarar

- Koma nemendum út um næsta útgang og sameina þá sínum bekk á söfnunarsvæði.
- Ef hvorki eldur né reykur eða önnur hætta er sýnileg má fara um fatahengi og taka skó og yfirhafnir. Halda skal hópinn.
- Aðstoða umsjónarkennara með sinn hóp ef þeir eru að vinna inni í kennslurými.

### Skólaliðar

- Aðstoða, hver á sínu svæði, við rýmingu skólans.
- Ganga úr skugga um að gangar og sameiginleg rými séu tóm.
- Fara síðan út og aðstoða á söfnunarstað.

Neyðarnúmer 

### Umsjónarmaður

- Ef umsjónarmaður er ekki við skal skólastjóri, staðgengill skólastjóra eða ritari gegna hlutverki umsjónarmanns.
- Umsjónarmaður fer að stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis og kannar uppruna brunaboða.
- Umsjónarmaður skal hafa samband við vaktstöð, **Öryggismiðstöðin s: 530 2400** og gefa skýringu á brunaboðum. Ef um eld eða neyðarástand er að ræða skal hafa samband við 112.

- Ef slökkviliðið kemur á staðinn er það slökkviliðið sem ræður hvort og hvenær fólk má fara aftur inn í bygginguna. Ef ljóst er að um falsboð var að ræða er það umsjónarmaður byggingarinnar sem gefur heimild, eða skólastjóri og þá staðgengill skólastjóra, sé umsjónarmaður ekki við.

### Ritari

- Kemur á söfnunarstað með brunavarnakassa sem inniheldur fyrir hvern bekk:
  - Rautt og grænt spjald
  - Penna
  - Nafnalista
- Kemur með skráningabók fjarvista.

### Söfnunarstjóri

- Söfnunarstjóri fer á milli svæða á söfnunarstað og kannar hversu marga nemendur eða starfsfólk vantar og hvar þeir sáust síðast. Ritari skal vera söfnunarstjóra innan handar við þetta.
- Farið er yfir mætingarlista á söfnunarstað, mikilvægt er að skólastjórnendur og björgunarfólk fái að vita hverjir eru komnir út og hvort einhverja vantar.
- Þegar slökkvilið kemur á staðinn skal söfnunarstjóri gefa stjórnanda aðgerða slökkviliðs (rauður hjálmur) upplýsingar um hversu marga vantar og hugsanlega staðsetningu þeirra innan byggingarinnar.



### Frístundaleiðbeinendur

- Sá starfsmaður sem er ábyrgur fyrir mætingarlistanum skal taka listann með á söfnunarstað.
- Annars fylgja frístundaleiðbeinendur sömu áætlun og er fyrir kennara. Hver frístundaleiðbeinandi ber ábyrgð á sínum hópi.

### Nemendur

- Nemendur fari nákvæmlega eftir því sem þeim hefur verið kennt á brunaæfingum.
- Hljómi brunabjalla skulu nemendur strax fara í röð og beinustu leið út ásamt kennara og loka dyrum á eftir sér.
- Ef gangurinn fyrir framan skólastofuna er fullur af reyk á að nota hina flóttaleiðina úr skólastofunni.
- Nemendur fari hvorki í skó né yfirhafnir nema gengið sé í gegnum fatahengi og kennari gefi leyfi til þess.
- Verið róleg og reynið að róa þá sem eru í kringum ykkur, þá gengur allt betur fyrir sig. Hvetjið aðra til að rýma.

- Nemendur skulu ganga í röð að söfnunarstað á eftir kennara sínum. Ganga skal rösklega beinustu leið og ekki hlaupa.
- Þegar komið er á söfnunarstað raðar hver bekkur sér upp í eindalda röð, 1. bekkur næst skólanum og svo koll af kolli, loks 10. bekkur næst fjalli.
- Bannað er að fara aftur inn í skólann fyrr en leyfi hefur verið gefið.
- Ef nemandi er einsamall þegar brunabjalla hljómar skal hann fara út um næsta útgang. Neyðarútgangar eru merktir með grænum skiltum. Nemandi skal því næst ganga rակleitt á söfnunarstað og gefa sig fram þar.



Út-ljós.

## 8. Frímínútur

Ef brunabjallan hljómar í frímínútum og börn eru dreifð um skólann og útivið, skal starfsfólk hvetja börnin til að fara út úr skólanum og rակleitt á söfnunarstað. Skólaliðar skulu sjá til þess að öll börn á þeirra svæði rými bygginguna. Ef þess er kostur má fara um fatahengi annars skal skólaliði leiðbeina börnum út um næsta neyðarútgang. Skólaliðar skulu gæta þess að nemendur séu ekki eftir inni á þeirra svæði. Börn sem þegar eru úti skulu fara rակleitt á söfnunarstað.

## 9. Öll byggingin utan skólatíma

Ef brunabjalla hringir á tíma þar sem nemendur eru ekki í byggingunni skal starfsfólk rýma bygginguna um næstu neyðarútganga skv. flóttaleiðamyndum. Starfsfólk skal safnast saman á söfnunarstað og ekki fara aftur inn í bygginguna fyrr en leyfi hefur verið gefið. Ef slökkviliði kemur á staðinn er það slökkviliði sem rækur hvort og hvenær fólk má fara aftur inn í bygginguna. Ef ljóst er að um falsboð var að rækða er það umsjónarmaður byggingarinnar sem gefur heimild, en skólastjóri eða staðgengill hans ef umsjónarmaður er ekki við.

## 10. Íþróttasalur

Ef brunabjalla hringir á tíma þegar íþróttæfingar eru salnum er það þjálfari sem ber ábyrgð á að leiðbeina íþróttaiðkendum út úr salnum.

Ef slökkviliði kemur á staðinn er það slökkviliði sem rækur hvort og hvenær fólk má fara aftur inn í bygginguna. Ef ljóst er að um falsboð var að rækða er það starfsfólk íþróttahúss sem hleypa fólki inn aftur.

## 11. Sérstakir viðburðir

Ef brunabjalla hringir þegar sérstakir viðburðir eru í skólanum eins og t.d. tónleikar, foreldradagar, samkomur eða sýningar má gera ráð fyrir að foreldrar beri ábyrgð á börnum sínum.

Hvetja skal fólk til að rýma út um næsta neyðarútgang.

Ef kennari er með hóp nemenda skal hann fara með nemendur sína á söfnunarstað.

## 12. Skipulag á söfnunarstað

Nemendur skulu raða sér á söfnunarstað, hver bekkur í beinni röð, 1. bekkur næst skólanum og svo koll af kolli, 10. bekkur næst fjalli.

Enginn nemandi skal yfirgefa söfnunarstað fyrr en búið er að taka manntal og heimild hefur verið gefin.

### Ef ekki má fara inn í skólann aftur

Ef ekki er heimilit að fara aftur inn í Sæmundarskóla er mögulegt að nota skúra sem eru á skólalóð eða sal eldri borgara við Þórðarsveig. Þangað yrðu síðan foreldrar beðnir að sækja þau börn sem ekki ganga heim sjálf.

## 13. Spurningar til yfirferðar

Gott er að fara í gegnum eftirfarandi lista reglulega:

1. Er í gildi rýmingaráætlun fyrir skólann? Þekkir starfsfólk til rýmingaráætlunarinnar?
2. Hefur verið haldin rýmingaræfing á skólaárinu?
3. Eru flóttaleiðir merktar og greiðfærar?
4. Eru flóttaleiðamyndir réttar og uppfærðar miðað við innra skipulag byggingarinnar?
5. Er brunaviðvörunarkerfið virkt?
6. Er handslökkvibúnaður til staðar og merktur? Er handslökkvibúnaður yfirfarinn reglulega?
7. Er söfnunarstaður til og merktur?
8. Er vara-söfnunarstaður til ef ekki er hægt að notast við söfnunarstað vegna ytri aðstæðna?
9. Hvernig er með flutning í sal við Þórðarsveig ef ekki er hægt að fara gangandi vegna veðurs?
10. Hver hefur samband við foreldra?

## Ábyrgðaskipting starfsfólks ef neyðarástand skapast:

11. Hverjir geta veitt fyrstu hjálp/skyndihjálp?
12. Hver sér um að taka sjúkrakassa með?
13. Hver heldur utan um lyf t.d. ef nemendur þurfa lyf, ofnæmispenna o.þ.h?
14. Hver heldur utan um börn með sérþarfir?
15. Hver ber ábyrgð á að halda utan um fjarvistir og kemur með mætingarlista starfsfólks og nemenda á söfnunarstað (ritari)?
16. Hver verður í sambandi við viðbragðsaðila s.s. slökkvilið eða sjúkraflutningamenn (umsjónarmaður)?
17. Hver er stjórnandi söfnunarstaðar(söfnunarstjóri)?
18. Hver er síðastur út úr byggingunni, gengur úr skugga um að enginn sé eftir inni þ.e. hefur yfirsýn?

## 14. Ábyrgðaraðilar

### Umsjónarmaður

Umsjónarmaður byggingarinnar fer á vettvang og kannar ástæðu forviðvörunar frá brunaviðvörunarkerfi. Hann skal einnig leita skýringa komi brunaboð og afturkalla þau sé ástæða til þess. Ef brunaboð eru afturkölluð skal hafa samband við vaktstöð og gefa skýringu á afturköllun. Ef um eld er að ræða skal umsjónarmaður hafa samband við 112.

Ef umsjónarmaður er ekki við skal skólastjóri eða staðgengill skólastjóra gegna hlutverki umsjónarmanns.

Ef slökkviliði kemur á staðinn er það slökkviliði sem ræður hvort og hvenær fólk má fara aftur inn í bygginguna. Ef ljóst er að um falsboð var að ræða er það umsjónarmaður byggingarinnar sem gefur heimild, eða skólastjóri og þá staðgengill skólastjóra, sé umsjónarmaður ekki við.

### Söfnunarstjóri

Söfnunarstjóri fer á milli svæða á söfnunarstað og kannar hversu marga nemendur eða starfsfólk vanti og hvar þeir sáust síðast. Ritari skal vera söfnunarstjóra innan handar við þetta.

Þegar slökkvilið kemur á staðinn skal söfnunarstjóri gefa stjórnanda aðgerða slökkviliðs (rauður hjálmur) upplýsingar um hversu marga vantar og hugsanlega staðsetningu þeirra innan byggingarinnar.

### Ritari

Ritari ber ábyrgð á því að koma með skráningabók fjarvista og nemendalista á söfnunarstað. Ritari skal vera söfnunarstjóra innan handar við manntal.

Í skólagæslu er einn starfsmaður sem heldur utan um mætingarlista. Þessi starfsmaður skal hafa með sér mætingarlista á söfnunarstað komi til rýmingar á frístundatíma.



<b>Staða:</b>	<b>Nafn:</b>	<b>Símanúmer:</b>
<b>Skólastjóri:</b>	G. Eygló Friðriksdóttir	664 8494
<b>Aðstoðarskólastjóri:</b>	Þóra Stephensen	664 8495
<b>Umsjónarmaður byggingarinnar:</b>	Baldur Hreinsson	664 8498
<b>Söfnunarstjóri:</b>	Matthildur Hannesdóttir	664 8496
<b>Ritari:</b>	Ragnheiður Sigmarsdóttir	664 8497
<b>Verkefnisstjóri frístundaheimilis:</b>	Siguveig Mjöll Tómasdóttir	664 7620